

Jafnréttisnefndir halda fundi
um kvennamenningu.

a.m.k

Jafnréttisnefndir eru nú starfandi á vegum tveggja sveitarfélaga á Austurlandi, Neskaupstaðar og Egilstaða. Æsamt starfshópi um kvennamenningu á Egilsstöðum. Þessar nefndir/hafa nú ákveðið að hafa samvinnu um kynningar- og umræðufundi um hugtakið kvennamenningu. Helga Sigurjónsdóttir kennari mun koma hingað austur og halda erindi í Egilsbúð í Neskaupstað föstudagskvöld 11. mars ^{kl. 20.30} og laugardaginn 12. mars kl. 14. ^{m.e.} i ~~Vaiaskjálf~~, Egilsstöðum.

Nefndirnar báðu Helgu að taka saman stutt yfirlit yfir hugmyndir sínar um kvennamenninguna svo fólk sem áhuga hefði á að koma á fundina hefði nokkra hugmynd um efnifyrirlestra hennar. Samantekt Helgu fer hér á eftir:

Konur vilja varðeita líf og
hlúa að öllu sem lifanda dregur.

"Eg held að það sé nokkuð almenn skoðun að síðastliðin lo-15 ár hafi jafnrétti karla og kvenna aukist heilmikið hér á landi. Því til staðfestingar er gjarnan bent á það hvað margar giftar konur og mæður vinni nú utan heimilis, hvað miklu fleiri stúlkur en áður stunda framhaldsnám, hvað konum hafi fjölgað í bæja- og sveitarstjórnunum og annarri stjórnsýslu og að nú séu í landi jafnréttislög sem hljóti að hafa sitt að segja. Vissulega er eitthvað til í þessu öllu en samt tel ég rétt að taka öllum fullyrðingum um aukið jafnrétti með varúð. Fyrst af öllu þarf að vera alveg ljóst hvað átt er við með jafnrétti. Er átt við jafnan rétt til að standa við færiband ~~og~~ hreinsa fiskinn, jafnan rétt til að stjórna stofnunum þessa lands og ráða fjármagninu, eða kannski jafnan rétt til að brautþina menn og skepnur og jörðina sjálfa í gróðaskyni og til að dunda sér við að dreifa kjarnorkuúrgangi allt í kringum okkur og búa til listilegar sprengjur og önnur vopn.

Sem betur fer munu konur mjög viða um heim enn vera svo óspilltar af mannshugsjón og lifsgæðamati hinnar vestrænu menningar sem ræður heiminum í dag að þær sjá að það jafnrétti sem okkur stendur til boða er harla litilvægt og jafnvel af hinu vonda. Þessar konur vilja annars konar jafnrétti. Þær vilja jafnrétti sem felur í sér rétt og getu kvenna til að lif lifinu í samræmi við hina ævafornu menningu sína sem fyrst og síðast miðar að því að varðeita líf og hlúa að öllu sem lifs-

anda dræggur. Til að svo megi verða vilja konur fá rétt og möguleika á að breyta verulega lísskilyrðumum sjálfum. Öll valzda- og efnahagskerfi í heiminum (þau eru raunar aðeins tvö og lík í framkvæmd) hafa þegar raskað svo rækilega skil-yrðum alls lífs á jörðinni að menn tala í alvöru um að heims-endir sé í nánd. Vegna einhliða ræktunar ákveðinna menningar-þáttar s.s. dýrkunar á ofbeldi og dauða er komin svo mikil slagsiða á jarðlíf allt að erfitt mun eða ókleift með öllu að rétta það af.

Eiginleikar andstæðir ofbeldi og drápsfýsn verði ráðandi afl.

Vitaskuld eru ekki allir karlar eins og heldur ekki allar konur eins en hitt er staðreynd að konur sem heild hafa ekki haft neitt um það að segja að svona er komið fyrir jarðlífina. Þar hafa karlar einir verið að verki. Þeir hafa í friði fengið að rækta með kynbraðrum sinum þá slæmu mannlegu eiginleika sem nú eru að fara með allt til fjandans. Bæði konur og karlar sem petta skilja vilja auðvitað reyna að bjarga því sem bjargað verður. Aftur á móti er allt það fólk ekki á eitt sátt um leiðir til þess. Þeg er sannfærð um að ekkert getur bjargað mannkyni annað en menningarbylting þar sem kvennamenning (þ.e. þeir mannlegu eiginleikar sem eru andstæðir ofbeldi og drápsfýsn) verður ráðandi afl.

Kvennamenning og einkenni hennar eru margt fleira en hér er sagt í stutttri grein en frekari umræða þar um verður að biða betri tíma. "